

# RAUNFÆRNIMAT TIL STYTTINGAR Á NÁMI Í LEIKSKÓLAKENNARA- FRÆÐUM

Þróunarverkefni – mat á framkvæmd

Samantekt á helstu niðurstöðum og ábendingar fyrir næstu skref



Haukur Harðarson og Fjóla María Lárusdóttir  
Júní 2022

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Um verkefnið.....   | 2  |
| Aðferðafræði sem nýtt var í verkefninu.....                                 | 2  |
| Rýni á framkvæmd – öflun gagna .....  | 3  |
| Undirbúningur og verkefnastýring.....                                       | 4  |
| Upplýsingar og skimun.....  | 6  |
| Skráning á raunfærni – sjálfsmat .....                                      | 7  |
| Staðfesting á færni – matssamtal .....                                      | 8  |
| Vottun og skráning.....   | 11 |
| Eftirfylgni.....  | 11 |
| Rýni með matsaðilum, verkefnastjórum og þátttakendum að loknu verkefni..... | 11 |
| Áframhaldandi þróun.....  | 12 |
| Framtíðin og næstu skref .....  | 14 |
| Almennar áherslur frá FA um framvæmd raunfærnimats á móti námskrám.....     | 14 |
| Ábendingar frá FA .....   | 15 |
| Fylgiskjal 1: Rýni matsaðila - spurningar .....                             | 17 |
| Fylgiskjal 2: Rýni verkefnastjóra - spurningar .....                        | 18 |

## Raunfærnimat í leikskólakennarafræðum

### Minnisblað um niðurstöður og ábendingar um næstu skref

*„Raunfærnimat er algjörlega þess virði að fara í gegnum og ég fagna því að þetta mat sé loksins komið“.*

#### Um verkefnið

Háskóli Íslands (HÍ) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerðu með sér samning þann 20. apríl, 2021 um að FA tæki að sér að veita ráðgjöf í tengslum við undirbúning, aðlögun hæfniviðmiða, verkfæragerð, framkvæmd raunfærnimats og mats á niðurstöðum vegna þróunarverkefnis um raunfærnimat í leikskólakennarafræðum. Mikið og gott samstarf átti sér stað til undirbúnings og mótunar verkefnisins.

Helstu verkþættir voru:

- Kynning á inntaki raunfærnimats fyrir hagsmunaaðilum
- Stuðningur vegna aðlögunar hæfniviðmiða og matsviðmiða námskeiða
- Ráðgjöf um aðferðafræði
- Þjálfun fagaðila vegna framkvæmdar
- Ráðgjöf um framkvæmd
- Rýni með þátttakendum, matsaðilum, verkefnastjórum á niðurstöðum
- Minnisblað um niðurstöður og ábendingar um næstu skref

Helstu gögn sem lögð voru fram af hálfu FA varðandi aðferðafræði og undirbúning við framkvæmd raunfærnimats:

- Lög um framhaldsfræðslu og reglugerð 1163 um framhaldsfræðslu
- Leiðbeiningar fyrir fagaðila í raunfærnimati (þjálfunarefni FA)
- Evrópskar leiðbeiningar um raunfærnimat (CEDEFOP, 2015): <https://www.cedefop.europa.eu/en/publications/3073>
- Defining, writing, and applying learning outcomes: a European handbook. Luxembourg: Publications Office. <http://dx.doi.org/10.2801/566770>
- Recognition of Prior Learning in Higher Education – Final Conference <https://www.uhr.se/en/rplconference>
- Efni frá CEDEFOP um raunfærnimat í Evrópulöndunum (landsskýrslur og þemaskýrslur) <https://www.cedefop.europa.eu/en/events-and-projects/projects/validation-non-formal-and-informal-learning>
- Vottunarviðmið fyrir framkvæmdaaðila á vettvangi framhaldsfræðslunnar – Viðmið fyrir raunfærnimat (EQM – European Quality Mark) [https://frae.is/wp-content/uploads/2020/11/raunfaernimat\\_matslisti\\_fraedsluadili-1.pdf](https://frae.is/wp-content/uploads/2020/11/raunfaernimat_matslisti_fraedsluadili-1.pdf)
- 

#### Aðferðafræði sem nýtt var í verkefninu

Til grundvallar fyrir framkvæmd raunfærnimatsins var raunfærnimatismódel FA og reglugerð 1163 um framhaldsfræðslu. Evrópskar leiðbeiningar um raunfærnimat frá CEDEFOP (2015) hafðar til hliðstjórnar auk gagna úr Evrópuverkefnum sem snúa að þróun raunfærnimats á háskólastigi.

Myndin hér fyrir neðan sýnir raunfærnimatsmódelið sem FA vinnur eftir í samstarfi við hagsmunaaðila. Mótun þess er stöðug, samkvæmt þróun í málaflokknum og lærdómi af vettvangi. Módelið er sveigjanlegt og er aðlagð eftir því samhengi sem um ræðir hverju sinni.



Rýni á framkvæmd – öflun gagna

Upplýsinga og gagna fyrir mat á framkvæmd var aflað með eftirfarandi hætti:

- Rýnifundir út frá mótuðum spurningum (sjá fylgiskjöli)
  - Fundað var með matsaðilum sem voru tveir kennarar af námsbrautinni.
  - Fundað var með verkefnastjórum sem voru tveir. Annar þeirra var með heildarstýringu þróunarverkefnisins á meðan hinn kom inn á síðar stigum til að halda utan um skipulag og framkvæmd raunfærnimatsferlisins sem fólst meðal annars í tengslum við þátttakendur meðan á ferlinu stóð.
- Send var út spurningakönnun til þátttakenda sem fóru í gegnum raunfærnimat. Í henni voru spurningar með valmöguleikum en einnig rými fyrir opin svör. Könnunin var send á samtals 17 manns. Svarhlutfall var 82% sem á að gefa nokkuð marktækar niðurstöðum af reynslu þeirra sem tóku þátt í raunfærnimatsferlinu.
- Lagt var mat á árangur, það er hversu mörg námskeið vorum metin miðað við fjölda námskeiða sem raunfærnimat fór fram í.
- FA kom beint að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins samkvæmt samning og leggur sjálfstætt mat á framkvæmd.

Í samantektinni sem fer hér á eftir eru ofangreind gögn og upplýsingar samtvinnaðar inni í köflum sem byggja á hverju skrefi fyrir sig í raunfærnimatsferlinu (sbr. mynd hér að ofan).

## Undirbúningur og verkefnastýring

### Undirbúningurinn – Rýni með verkefnastjórum

Verkefnastjórar nýttu sér allt tiltækt efni og stuðning með áherslu á að fara ekki út af sporinu. Þeir töluðu um að auðvelt væri að nálgast og setja sig inn í stuðningsefni á heimasíðu FA, ferlið var skýrt og aðgengilegir gátlistar til staðar fyrir fagaðila í raunfærnimati og gæðaviðmið. Í heildarferlinu var stuðst var við ramma sem settir eru fram af FA, CEDEFOP (Evrópuleiðbeiningar) og í verkefninu "RPL in practice". Byggt á allri vinnunni – undirbúningi og framkvæmd þessa þróunarverkefnis, hefur verið útbúin tékklisti sem nýta má í raunfærnimatsverkefnum innan HÍ – drög að grunni við áframhaldandi vinnu.

Hæfniviðmið námskeiða umbreyttust í verkefninu. Þau voru afar háfleyg og óskýr fyrir verkefnið, en vegna kröfu um mælanleika í tengslum við raunfærnimati þurfti að vinna að því að gera þau skýrari. Stærsta vandamálið hvað varðar raunfærnimat eru hæfniviðmiðin námskeiða því þau eru almennt ekki mælanleg, ekki skýr.

"Stærsta vandamálið hvað varðar raunfærnimat eru hæfniviðmið námskeiða því þau eru almennt ekki mælanleg, ekki skýr".

### Undirbúningurinn – Rýni með matsaðilum

Fyrir matssamtölin voru matsaðilar búnir að tala við aðra kennara í náminu þar sem farið var yfir hæfniviðmið námskeiða og gaf sú vinna mikið af sér fyrir matssamtölin. Það er þó ljóst að áhyggjur og efasemdir eru til staðar meðal annarra kennara um að með raunfærnimati sé mögulega verið að gjaldfella námið. Upp kom spurningin „er bara verið að hleypa öllum í gegn?“. Þeir sem standa utan námsins á Menntavísindasviði hafa hins vegar verið mjög jákvæðir gagnvart þróunarverkefninu. Matsaðilar telja matið í verkefninu ekki hafa gjaldfellt námið, þar sem þeir fóru vandlega yfir niðurstöður. Þeir velta þó fyrir sér hvort það gæti gerst með næstu hópum.

Reynsla þátttakenda af vettvangi spannaði þrjú til tíu ár og mjög greinilega kom í ljós að í hópnum bjó mikill mannauður og reynsla. Það má velta fyrir sér hvort matsskalinn í sjálfsmatslistunum megi vera breiðari (er á skalanum einum og upp í fjóra). Stundum virtist fólk merkja við þrjá og fjóra án þess að hafa innistæðu (þó bara tveir af 17). Námsráðgjafarnir sáu um skimunina. Þetta má skoða fyrir næsta hóp.

### Ábendingar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Undirbúningur og verkefnastýring

Það er reynsla FA að í nýjum verkefnum koma oft fram efasemdir um að raunfærnimat, hvort það eigi rétt á sér. Efasemdir snúa oftast að eftirfarandi:

- Að með raunfærnimati sé verið að gjaldfella nám, aðrir hafi þurft að sækja nám og þetta sé ósanngjarnt gagnvart þeim.
- Að innihald þess sem á að meta sé of fræðilegt og ólíklegt að einstaklingar eigi möguleika á að sækja sér þessa þekkingu utan skóla

Mikilvægt er að stýrihópur sé undir það búin að svara þessum spurningum áður verkefni fara af stað. Þó má ekki gera ráð fyrir að allir verði sáttir því ef það er markmiðið er ólíklegt að þau fari af stað. Viðhorf breytast stundum þegar traust skapast á verkfærinu og það er mikilvægt að miðla upplýsingum um árangur verkefna til sem flestra sem snerta verkefnið.

Mikilvægi verkefnastjórnunar er sá þáttur sem oftast er vanmetinn í raunfærnimatsverkefnum. Sérstaklega á þetta við í þegar um er að ræða ný verkefni. Hlutverk verkefnastjóra er meðal annars að halda utan um samtal og upplýsingagjöf til stýrihóps.

Ein af forsendum fyrir raunfærnimat eru skýr og skiljanleg hæfniviðmið. Þessi þáttur snertir gæði í framkvæmd (sameiginlegur skilningur). Skýrleiki auðveldar hugsanlegum þátttakendum að gera raunhæfar væntingar og að taka upplýsta ákvörðun um þátttöku.

Hæfniviðmið fyrir námskeið í leikskólakennarafræðum voru í mörgum tilvikum óskýr og erfitt að lesa út úr þeim hvað nemendur áttu að vera færir um að loknu námi. Einnig var óskýr tenging við þrep íslenska hæfnirammans (ISQF) sem er mikilvægt til að geta tengt sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð sem þátttakandi á að vera fær um inn í matið.

Eitt af málum sem hafa verið rædd eftir framkvæmd er hvort raunfærnimat eigi að vera opið óháð tíma eða auglýsa það t.d. einu sinni á ári. Að mati FA hefur það sýnt góðan árangur að afmarka verkefni í tíma. Þetta er í samræmi við ábendingar sem komu frá matsaðilum. Tvennt sem þarf að hafa í huga þegar tíminn er ákveðinn er annars vegar að matsaðilar og ráðgjafar hafi tíma til að sinna verkefninu og hins vegar möguleikar þeirra sem ljúka raunfærnimati til að hefja nám.

## Upplýsingar og skimun

### Þátttakendahópurinn og upplýsingagjöf

Þátttakendahópurinn var sérstakur að því leyti að fólk var komið af stað í náminu þegar því bauðst að fara í raunfærnimat. Þátttaka var því eingöngu í boði fyrir nemendur sem þegar voru í náminu og höfðu lokið fyrsta ári.

Boðað var til kynningar á netinu og á hana mættu 90 manns. Umsóknir inn í ferlið komu frá 36 og af þeim komust 21 inn í það (út frá settum skilyrðum). Þá duttu þrjú út og þá samtals 17 sem fóru af stað í raunfærnimatsferlið. Mikill áhugi var á meðal fólks og auðvelt að nálgast það þar sem þau voru þegar í náminu hjá HÍ. Lítið kom af fyrirspurnum um ferlið eftir kynninguna og virtist fátt óljóst fyrir þátttakendum.

Matið sjálft fór af stað síðla á haustönn og voru nemendurnir þá komnir af stað í námskeið. Það hafði þau áhrif að ekki nógu skýrt fyrir þeim að til að mega fara í raunfærnimat í námskeiði þyrfti viðkomandi að eiga það eftir. Mikilvægt er að draga fram stöðu viðkomandi áður en farið er í raunfærnimat og skoða alla námsferla. Láta á þeim tímamarki strax vita hvaða námskeið gætu komið til greina til raunfærnimats.

Könnun til þátttakenda: Voru upplýsingar skýrar í upphafi um framkvæmd raunfærnimatsins og mögulegan ávinning þinn af þátttöku í því?

|   |   |
|---|---|
| <span style="color: blue;">●</span> Mjög skýrar     | 8 |
| <span style="color: orange;">●</span> Frekar skýrar | 4 |
| <span style="color: green;">●</span> Hvorki né      | 1 |
| <span style="color: red;">●</span> Frekar óskýrar   | 1 |
| <span style="color: purple;">●</span> Mjög óskýrar  | 0 |



### Athugasemdir frá þátttakendum við þennan lið

- *Það kom allt fram sem að ég vildi vita. Það kom fram hvað ætti að gera og hvaða skilyrði væru fyrir þátttökunni. Ég sá strax ávinninginn í því og hvaða áfanga ég gæti fengið metna.*
- *Að einhverju leyti en hefði vitaskuld verið betra að hafa skýrari umgjörð, þá sérstaklega varðandi hvers var ætlast í samtalinu sjálfu.*
- *Það var til dæmis ekki skýrt að áfangar sem við vorum í, í haust, voru ekki matshæfir.*

### Ábendingar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Upplýsingar og skimun

Markhópurinn í þessari tilraun er sérstakur. Þau hafa þegar hafið nám og skráð sig í skólann.

Mikilvægt er að stýrihópur skýri skilyrði um starfsreynslu (lengd – tenging við leikskólakennarafræði) þegar opnað verður fyrir raunfærnimat óháð skráningu í HÍ.

Árangursríkasta leiðin til að afla þátttakanda er samstarf við fyrirtæki eða stofnanir. Þá er farið inn á vinnustaði til að kynna verkefnið og svara spurningum. Í kynningu er áhrifaríkt að sína árangur einstakra þátttakanda. Oft eru atvinnurekendur viljugir til að liðka fyrir t.d. í vinnu til að nemendur geti lokið námi. Sérstaklega á það við þar sem skortur er á starfsfólki með réttindi.

## Skráning á raunfærni – sjálfsmat

Í svörum þeirra sem fara í gegnum ferlið kemur skýrt fram hvað skráning á raunfærni og sjálfsmat er mikilvægur þáttur áður en þau fara í matssamtal.

Í kassanum hér til hliðar er svar frá þátttakanda varðandi framkvæmd matssamtals þegar spurt var út í matssamtalið. Þetta svar lýsir mjög vel tilgangi með gerð færniöppu og sjálfsmati.

„Færni- og ferilmappan aðstoðaði mig við að rýna í mig og vinnuna sem ég hef unnið og var þar með auðveldara að svara matsviðtölunum“.

Könnun til þátttakenda: Hvernig fannst þér undirbúningsvinnan og ráðgjöfin við gerð færni- og ferilmöppu (færniskráning) og við að fylla út sjálfsmatslista gagnast þér?

|  |   |
|--|---|
| <span style="color: blue;">●</span> Mjög vel     | 9 |
| <span style="color: orange;">●</span> Frekar vel | 4 |
| <span style="color: green;">●</span> Hvorki né   | 1 |
| <span style="color: red;">●</span> Frekar illa   | 0 |
| <span style="color: purple;">●</span> Mjög illa  | 0 |



### Athugasemdir þátttakenda við þennan lið

- *Ég kom á fund þar sem ég vissi ekkert hvað ég var að fara að gera og fékk góðar leiðeiningar þar. Ég fór heim og kláraði möppuna og sendi hana frá mér og fékk til baka að ég þyrfti að laga og bæta og fannst mér það mjög gott*
- *Færni- og ferilmappan var mjög upplýsandi og var mjög gott að rýna svona í sjálfan sig og hvað maður hefur áorkað í kringum vinnuna.*
- *Var mög flott vinna og mikil hvatning námsráðgjafanna til að vinna vel að ferilmöppunni.*
- *Það var mjög gagnlegt að mæta á fund hjá námsráðgjafa og fá smá innsýni í ferlið.*
- *Tók óþarflega langan tíma*

### Ábendingar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Skráning og sjálfsmat

Dæmi eru um að framkvæmdaaðilar hafi dregið úr vægi þessa þáttar í raunfærnimatinu. Mikilvægt er að ef það er gert sé það út frá mati á styrkleika hópsins, að þau þurfi ekki stuðning en ekki til að spara fjármagn. Sumir hópar og einstaklingar eiga auðveldar með skráningu á upplýsingum um færni sína en aðrir. Ekki má heldur belgja út þennan þátt, hér þarf að finna jafnvægi.



## Staðfesting á færni – matssamtal

Þetta er sá verkþáttur sem oftast er töluverð umræða er um áður en ný verkefni eru sett af stað. Þjálfun matsaðila snýst um að rýna í aðferðafræði matsins og þeirri sýn að það sem er metið er jafngilt en ekki alveg það sama. Helsta áskorunin er að greina færni út frá viðmiðum.

Ýmsar spurningar koma upp, eins og:

- Eru matsviðmið nægjanlega skýr?
- Er hægt aðgreina mikilvæga færni frá þeirri sem hefur minna vægi?
- Verður ekki erfitt að greina hvar mörkin liggja til að standast námskeiðið?

Í undirbúningsferlinu voru þessi mál rædd og ákveðið var að:

- Tveir matsaðilar myndu undirbúa og framkvæma öll matssamtöl.
- Hæfniviðmið og matsaðferðir voru undirbúnar í samráði við aðra kennara á brautinni eftir þörfum.
- Matsaðilar fengu þjálfun, bæði varðandi framkvæmd og matsaðferðir.
- Matsaðilar unnu með hæfniviðmið, greindu mikilvægi og mótuðu aðferðir til að kanna færni.

### Matssamtalið – Rýni með matsaðilum

Matsaðilum fannst matið sjálft ganga mjög vel. Umhverfið var gert notalegt, sett nammi í skál og kertaljós til að slaka. Margir þátttakenda voru mjög stressaðir fyrst, en það spurðist út í hópnum að þetta væri notalegt. Matsaðilum þótti gott að hafa stuðning hvor af annarri í matssamtalinu, því umfangið var mikið og hægt að skiptast á í samtalinu.

„Viðbrögðin „nú ertu að tala um það“ komu þá oft upp“.

Þátttakendur komu misvel undirbúnir í matssamtölin. Sumir voru búnir að kíkja í bækur sem fylgdu námskeiðum aðrir ekki. Flestum gekk vel, en í hópnum voru tveir sem áttu í basli. Það var misauðvelt fyrir þátttakendur að tjá sig og meiri áskorun að draga fram hæfni þeirra sem voru hlédrægir og þöglir. Margir þátttakenda með erlendan bakgrunn komu mjög vel út úr matinu.

Matsaðilar skiptust á að spyrja spurninga út frá hæfniviðmiðum og taka niður punkta. Þeim fannst það áskorun þegar upp kom sú staða að það þurfti að breyta orðalagi, umorða og styðja við til að útskýra hluti fyrir þeim sem koma af vettvangnum. Viðbrögðin „nú ertu að tala um það“ komu þá oft upp meðal þátttakenda. Það var aðeins misjafnt eftir námskeiðum hvernig gekk að nálgast matið og flóknara með námskeið sem maður hafði ekki sjálfur kennt (t.d. myndlist og tónlist). Hæfniviðmið í tónlist gátu verið uppfyllt á meðan myndlistin var síðri. Hæfniviðmiðin voru líka mjög ólíkt.

„Margir þátttakenda með erlendan bakgrunn komu mjög vel út úr matinu“.

Matsaðilar urðu varir við meira vanmat heldur en ofmat hjá þátttakendum. Ef um ofmat var að ræða þá skein oft í að þátttakandi þekkti hæfniviðmið ekki nógu vel og var ekki viss um hafa framkvæmt verkþætti innan þess. Ljóst var að með hverju matssamtali juku matsaðilar við reynslu sýna og innsýn í slíka hluti þar sem þeir höfðu þá samanburð.

Áður en farið var yfir niðurstöður mats í námskeiði með þátttakanda fórum matsaðilar sameiginlega yfir niðurstöður og voru nánast alltaf sammála. Niðurstöðurnar byggðust á því að annað hvort fengu þátttakendur námskeiðið metið eða ekki – ekki var í boði að meta hluta. Lágmarkseinkunn í námskeiði (einkunn fimm) var höfð til hliðsjónar til að standast raunfærnimat og metið var út frá hæfniviðmiðum, en ekki út frá ákveðnum bókum. Matsaðilar skráðu hjá sér hversu miklu var náð og

ræddu við þátttakendur um það sem ekki var metið. Verkefnastjórar kynntu síðan niðurstöður fyrir þátttakendum.

### Skipulag og tímasetning matsins

Mat hvers námskeiðs tók 45-60 mínútur og var mati námskeiða dreift þannig að þrjú námskeið voru metin í einu fyrir áramót og þrjú eftir áramót. Varðandi skipulag matsins þá veltu matsaðilar því fyrir sér að taka matið frekar í tveggja til þriggja vikna törn í stað þess að dreifa vinnunni yfir tvo til þrjú mánuði (unnu jafnvel á laugardögum). Það þurfa að liggja fyrir upplýsingar um stöðu ákveðinna námskeiða á ákveðnum tímapunkti fyrir skipulag og framvindu námsins og fólk kemur stöðugt inn í námið, um það bil 10 á ári. Matsaðilar töldu kostina við styttri tarnir vera að þá væri einbeiting þeirra meiri í ferlinu í stað þess að taka matsviðtöl slitrótt. Raunfærnimatið væri því betra sem verkefni afmarkað í tíma að haust og vori. Þá væru október og febrúar hentugustu mánuðirnir.

Könnun til þátttakenda: Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að sýna fram á raunfærni þína í matsviðtölunum?

|  |   |
|--|---|
| <span style="color: blue;">●</span> Mjög auðvelt     | 2 |
| <span style="color: orange;">●</span> Frekar auðvelt | 6 |
| <span style="color: green;">●</span> Hvorki né       | 2 |
| <span style="color: red;">●</span> Frekar erfitt     | 2 |
| <span style="color: purple;">●</span> Mjög erfitt    | 2 |



### Ábendingar frá þátttakendum varðandi þennan lið

#### Jákvætt

- *Færni- og ferilmappan aðstoðaði mig við að rýna í mig og vinnuna sem ég hef unnið og var þar með auðveldara að svara matsviðtölunum*
- *Þrátt fyrir stress hjá þér þá var viðtalið mjög afslappað. Frábært hvernig var byrjað að fara yfir ferilmöppuna og spyrja út úr henni til að brjóta ísinn. Gott spjall og afslappað.*
- *Mér fannst það ekki auðvelt en andrúmsloftið var gott í viðtölunum sem hjálpaði mér að slaka aðeins á.*
- *Ég fékk næga tíma til að segja allt sem mig langaði að koma fram með og nægan tíma til að hugsa mig um spurningum.*
- *Fannst ég geta komið til skila í því fagi sem að ég tók.*
- *Það er auðvelt ef að maður skipuleggur og undirbýr sig vel.*

#### Má gera betur

- *Mér fannst mjög erfitt að koma öllu frá mér sem ég þurfti. Fannst ég hafa getað gert betur og mundi eftir hlutum sem ég nefndi ekki sem ég hefði viljað nefna.*
- *Fannst ekki skýrt hvað það væri sem falast var eftir, fannst oft eins og ég hafi svarað því sem spurt var um en svo virðist raunin ekki hafa verið. Hefði viljað fá þá frekari spurningar til að hafa möguleikann á að skýra mitt mál betur.*

Könnun til þátttakenda: Hversu sanngjörn eða ósanngjörn var sú niðurstaða sem þú fékkst úr raunfærnimatinu?

|                     |   |
|---------------------|---|
| ● Mjög sanngjörn    | 9 |
| ● Frekar sanngjörn  | 3 |
| ● Hvorki né         | 0 |
| ● Frekar ósanngjörn | 1 |
| ● Mjög ósanngjörn   | 1 |



### Ábendingar frá þátttakendum um þennan lið

- Afar þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í raunfærnimatinu.
- Hefði viljað frekari spurningar á móti til að svara þá betur/skýrar.

Könnun til þátttakenda: Í þeim fögum þar sem þú stóðst ekki mat var þá farið yfir af hverju það væri?

|                      |   |
|----------------------|---|
| ● Já                 | 0 |
| ● Að einhverju leyti | 1 |
| ● Nei                | 3 |



### Ábendingar frá þátttakendum um þennan lið

- Mér fannst ég hefði mátt fá betri útskýringar á því.
- Ég náði áföngunum sem ég fór í mat í og veit því ekki svarið.
- Fremur ósátt með það. Mér fannst ganga vel, ég hafa svarað öllu sem ætlast var til. Ekki fengið neitt á móti.

### Ábendingar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Matssamtal

Stuðningur: Fjórir af tíu þátttakendum merkja við að þeim hafi fundist erfitt eða mjög erfitt að koma frá sér svörum. Þar er ekki vitað hvað veldur, en sjálfsagt að velja upp möguleikum á frekari stuðningi við þau. Einnig kemur fram ábending frá matsaðilum um að eftir þetta verkefni eru hæfniviðmið orðin mun skýrari og einnig aðferðir við matið, en hvort tveggja þarf að slípa betur til. Þetta er eðlilegt, matsaðilar munu eflast með fleiri verkefnum.

Niðurstaða mats rædd: Hér kemur fram ábending frá þátttakendum um það sem hefði mátt gera betur. Í mati á framkvæmd frá matsaðilum kemur fram að „Matsaðilar skráðu hjá sér hversu miklu var náð og ræddu við þátttakendur um það sem ekki var metið. Verkefnastjórar kynntu síðan niðurstöður fyrir þátttakendum“. Þetta þarf að skoða betur.

## Vottun og skráning

Allar niðurstöður voru skráðar í Uglu. Það komu fram ábendingar um betur hefði mátt standa að upplýsingagjöf til þeirra sem vinna við skráningu. Þetta var þó minniháttar mál sem auðvelt á að vera að bæta út. Traust á raunfærnimati byggir á trausti á að framkvæmd.

## Eftirfylgni

Þar sem þátttakendur í verkefninu eru þegar í námi þegar raunfærnimat fór fram var ekki um mikla eftirfylgni að ræða eins og ef um hefðbundinn hóp væri að ræða. Ef raunfærnimat verður opið óháð skráningu í skóla er mikilvægt að gera ráð fyrir tíma í þennan verkþátt.

## Rýni með matsaðilum, verkefnastjórum og þátttakendum að loknu verkefni

Fundur með matsaðilum átti sér stað 14. mars og fundur með verkefnastjórum 23. mars. Fyrir fundinn fengu viðmælendur nokkrar spurningar sendar til undirbúnings (sjá fylgiskjöl 1 og 2). Matsaðilar voru tveir og fyrir raunfærnimatsferlið höfðu matsaðilar tekið þátt í kynningum, þjálfun og vinnustofu hjá FA þar sem rýnt var í gerð mælanlegra hæfniviðmiða í námskeiðum og aðferðafræði raunfærnimats. Verkefnastjórar voru tveir; einn yfir þróun heildarverkefnisins og annar með verkefnastýringu framkvæmdar raunfærnimatsferlisins.

### Raunfærnimat traust aðferð

Matsaðilar telja raunfærnimat vera trausta aðferð og öflugla leið til að gera dulda hæfni sýnilega. Þeir höfðu orð á því að „margir þátttakendur voru ótrúlega flottir og sumar komu á óvart“. Hluti hópsins hafði til dæmis unnið í Evrópuverkefnum og útbúið ýmislegt til notkunar í starfinu sem kom fram í dagsljósið.

„Þrír þátttakendur fengur út frá matinu styttingu sem nemur nánast einu námsári í leikskólakennarafræði“.

Matsaðilar telja hins vegar þörf á að fara betur yfir matsspurningarnar og bæta flæðið í samtalinu til að tryggja að allir fái sömu afgreiðsluna. Fyrir matssamtalið voru þátttakendur beðnir um að taka með sér efni og gögn sem þau áttu sem tengdist hæfniviðmiðunum og velta þeim aðeins fyrir sér. Hvaða hugsun er á bak við t.d. skóla án aðgreiningar? Lögð var áhersla á fólk myndi þurfa að segja frá starfsháttum í matsviðtölunum – að þau væru lögð upp út frá þeirri þekkingu. Ávinningurinn af raunfærnimatsferlinu kom sumum á óvart. Þrír þátttakendur fengur út frá matinu styttingu sem nemur nánast einu námsári í leikskólakennarafræði.

Það er ljóst að mikilvægt er að skoða námsferil hvers og eins vel fyrir ferlið. Þessi möguleiki er afar hvetjandi fyrir fólk sem hefði mögulega ekki klárað nám á háskólastigi af ýmsum ástæðum. Í raun hefur raunfærnimatsferlið ekki bein áhrif á fjárhag Háskóla Íslands, því einingar eru greiddar (þreyttar eða metnar) sem og útskriftir.

„Margir þátttakendur voru ótrúlega flottir og sumar komu á óvart“.

### Námskeið til mats

Matsaðilar veltu fyrir sér hversu mikill hluti námsins ætti að vera til mats. Í verkefninu nær matið til um þriðjungs af náminu (sjö námskeið). Þá er spurning með námskeið sem byggjast mikið á kenningum eins og aðferðafræði, þroskafræði og leikskólafræðinámskeið. Þau ætti síður að vera til mats.

### Fjöldi matsaðila, skýr hæfniviðmið og samstarf við kennara

Hvað varðar fjölda matsaðila innan námsbrautar, þá getur ekki verið hagkvæmt að allir kennarar framkvæmi matssamtöl, en gott að sem flestir séu vel inni í málum og styðji við. Þeir gátu veitt matsaðilum upplýsingar um verkefni til að beita í matinu og áætlanir, eins og myndbönd og klípusögur. Það stuðlaði líka að fjölbreyttum matsaðferðum. Samtalið við aðra kennara skiptir líka máli hvað varðar skýrleika hæfniviðmiða, hvað þau fela í raun í sér og hvernig við sjáum hæfnina (birtingamyndina). Hæfniviðmiðin eru eftir þetta verkefni orðin mun skýrari og aðferðir við matið, en hvort tveggja þarf að slípa betur til. Það verður auðveldar eftir þetta fyrsta verkefni og hefur áhrif þá á flæðið í matssamtalinu.

*Matsaðilar höfðu orð á því að raunfærnimatsferlið dragi fram hversu mikil áhrif vinnustaðirnir (leikskólar í þessu tilfalli) hafa á þróun færni fólks í starfi og mikið tækifæri fólgið í því að hvetja yfirmenn á leikskólum til að stuðla að því að fólk deili með öðrum því sem það kann og vinna með hæfni starfsmanna.*

### Áframhaldandi þróun

Ef þjóða á áfram upp á raunfærnimat þá er spurning hvernig halda á utan um þannig hópa til framtíðar. Því fylgir vinna og kostnaður og því þörf á fjármagni. Þá þarf að mati verkefnastjóra að ákveða hvort fólki standi raunfærnimat til boða án þess að þurfa að skrá sig fyrst inn í skólann. Á það er möguleiki að fara í raunfærnimat til að kanna stöðu sína án þess að skuldbinda sig strax í ákveðið nám? Þá þarf í raun líka að uppfylla inntökuskilyrðin sem eru forsenda inn í námið.

Verið er að vinna þróunarverkefni með fagháskólanám sem opnar fyrir fólk sem hefur lokið námi í leikskólaliða á 2. þrepi íslenska hæfnirammans. Það er nú kennt hjá Keili og í Fjölbrotarskóla Suðurlands. Fagháskólanámið felur í sér grunnfögin sem gerð er krafa um til inntöku í Háskóla Íslands. Skoða þarf hver heldur utan um það raunfærnimat til framtíðar.

Verkefnastjórar telja skipulag og framkvæmd þróunarverkefnisins hafa gengið vel og í raun aðeins nokkrir hnókrar sem þarf að vinna með og laga. Varla hægt að gera betur miðað við fyrsta verkefni. Ef óvæntir hlutir komu upp var alltaf hægt að finna lausnir með því að ræða við einhvern í teyminu. Ef upp kom misskilningur þá var það vegna þess að einhver samtöl voru ekki tekin. Sem dæmi má nefna samtal fyrirfram við stoðdeildina um skráningu á niðurstöðum – málefni tengd skjalavistun og skráningarmálum í nemendakerfi háskólans. En það þurfti að skrá niðurstöður raunfærnimats sem staðfestingu á því að ákveðin námskeið höfðu verin metin. Það þarf að skanna niðurstöður inn og færa í skjalavistunarkerfið, þ.e. niðurstöður mats sem matsaðilar hafa útbúið.

Spurningar og vangaveltur sem komu fram frá matsaðilum og verkefnastjórum í rýni:

- Á hvaða lagastoð byggir svona ferli, hvað á að styðjast við. Gæti aukið aðsókn í námið.
- Matsferlið í þessu verkefni var fyrir þá sem voru í náminu sem voru búin að ljúka fyrsta ári, jafnvel öðru. Það væri best að byrja á matinu þegar fólk kemur inn í námið.
- Hvert fara metnar einingar, greiðslur o.s.frv. Hver á að greiða, þátttakendur sjálfir að hluta eða er þetta hluti af inntökuférlinu?
- Á fólk að þurfa að hafa skuldbundið sig í námið fyrir raunfærnimat eða á það að geta hugsað sig um eftir matið?

Í svörum þátttakenda við opnum spurningum í könnuninni kom fram mikil ánægja með verkefnið og ábendingar um hvar hefði mátt gera betur voru minniháttar.

Könnun til þátttakenda: Annað sem þú vilt koma á framfæri um framkvæmd raunfærnimats í leikskólakennarafræði?

#### Jákvætt

- *Bara frábært. Tók mikið stolt í því að vera metin svona af verðleikum. Takk fyrir það.*
- *Frábært tækifæri og mun ég hvetja alla til þess að taka þátt.*
- *Mér finnst þetta bara mjög sniðugt og frábært að geta farið í svona stöðumat. Ég tel þetta hjálpa fólki sem hefur unnið lengi á leikskóla og ekki komið sér í námið. Þetta mun að mínu mati ýta undir að fólk sem er með mikla reynslu fari í námið. Takk fyrir mig.*
- *Ég er mjög þakklát og finnst raunfærnimatið af hinu góða. Viðtölin voru skemmtileg þó að stressið var mikið. Litlu verkefni voru skemmtileg og hjálpuðu þau við óvissuna sem fylgdi því að mæta í viðtölin.*
- *Frábært framtak og ég samgleðst þeim sem geta nýtt sér þetta í framtíðinni.*
- *Mér fannst allt mjög skýr og ég fékk góðan tíma til að undirbúa mig. Takk fyrir.*
- *Nemendur sem taka þátt þurfa að vera tilbúin að undirbúa sig vel og taka góðan tíma í það. Allt felst í góðum undirbúningi fyrir viðtalið.*
- *Finnst þetta mjög góð leið til þess að auðvelda námið. Spurning um að bjóða upp á munnleg próf í fleiri fögum.*

#### Má gera betur

- *Þar sem þetta var próunarverkefni hefði mátt vera meiri leiðbeiningar og útskýringar hvernig allt ferlið átti að fara fram. Við vissum ekkert við hverju mátti búast og hvernig þetta færi fram allt saman.*
- *Það eina sem ég gæti bent á sem mér finnst mikilvægt að laga er það þegar að maður hefur fengið út úr matinu, eftirfylgnin þá. Maður fór seint inn í nýja áfanga eða þeir voru byrjaðir og er það erfitt fyrir suma. Fyrir þá sem eru að útskrifast núna og eru að skrifa lokaritgerð þá var erfitt að byrja strax, maður var ekki farin að hugsa um, hvað maður vildi skrifa og þess háttar. Mætti halda betur utan um það. Annars bara takk fyrir mig :)*
- *Fyrstu þættir matsins voru að gera ferilmöppuna og fylla út lista hvað ég taldi mig kunna í hverju það ferli hefði dugað í einn tíma í staðinn var því dreift yfir tvo eða þrjú daga sem að mínu mati var óþarfi. Það hefði veri hægt að sameina þetta í eina stund. Mikið um óþarfa akstur fram og til baka þegar maður býr ekki á höfuðborgarsvæðinu.*

## Framtíðin og næstu skref

Að mati FA gekk verkefnið vel. Það er eðlilegt að þegar fyrstu verkefni eru framkvæmd í grein komi upp hnökkar en í þessu tilfalli voru þeir minniháttar. Það sem hafði mest áhrif á hversu vel tókst til er undirbúningsvinnan sem fór fram áður en verkefnið hófst.

Þetta mat FA er í samræmi við mat verkefnastjóra, matsaðila og þátttakenda.

„Bara frábært. Tók mikið stolt í því að vera metin svona af verðleikum. Takk fyrir það“.

„Frábært tækifæri og mun ég hvetja alla til þess að taka þátt“.

- Matsaðilar telja raunfærnimat vera trausta aðferð og öfluga leið til að gera dulda hæfni sýnilega. Þeir höfðu orð á því að „margir þátttakendur voru ótrúlega flottir og sumar komu á óvart“.
- Verkefnastjórar telja skipulag og framkvæmd þróunarverkefnisins hafa gengið vel og í raun aðeins nokkrir hnökkrar sem þarf að vinna með og laga. Varla hægt að gera betur miðað við fyrsta verkefni.

Könnun til þátttakenda: Myndir þú mæla með raunfærnimati fyrir aðra sem hafa starfsreynslu í faginu?

|       |    |
|-------|----|
| ● Já  | 14 |
| ● Nei | 0  |



### Jákvætt

- *Alveg klárlega og geri það reglulega.*
- *Hiklaust.*
- *Já, ef þessi könnun verður til þess að umgjörðin bætist.*
- *Mæli með því allan daginn þar sem að oft er betra að koma frá sér því sem maður kann frá starfinu heldur en að taka próf. Oft hægt að sjá færni fólks með spjalli heldur en það sem að maður hefur langt á minnið áður en farið er inn í próf.*
- *Raunfærnimat er algjörlega þess virði að fara í gegnum og ég fagna því að þetta mat sé loksins komið.*

Almennar áherslur frá FA um framkvæmd raunfærnimats á móti námskrám

- Að áður en raunfærnimat er sett af stað sé komin sátt um framkvæmd hjá helstu hagsmunaaðilum.
- Góða upplýsingagjöf til hugsanlegra þátttakanda varðandi framkvæmd og hugsanlegan ávinning þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku.
- Réttur þátttakanda til að gera athugasemdir við framkvæmd sé skýr og tryggt að þær fái efnislega umfjöllun.
- Að þekking sem metin er með raunfærnimati hafi sama vægi og þekking sem aflað er innan skólakerfisins.
- Að þau sem koma að framkvæmd raunfærnimats hafi skilning á hvað raunfærnimat er og yfirsýn yfir verkefnið.
- Að matsviðmið séu skýr og auðskiljanleg.
- Að í boði sé stuðningur og ráðgjöf fyrir þátttakendur.

## Ábendingar frá FA

### Norræni gæðavitinn

Norræni Gæðavitinn er safn verkfæra til að meta framkvæmd raunfærnimats, stefnumótandi gögn og ferla, sem og hæfni þeirra sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Til að meta frekar árangur og marka frekari framhald gæti vitinn verið gott verkfæri í áframhaldandi vinnu HÍ.

Verkfærasettið er ætlað stefnumótendum en einnig þeim sem koma að þróun og framkvæmd raunfærnimats (matsaðilar, ráðgjafar og verkefnastjórar). Öll verkfærin auðvelda mótun áætlunar sem prenta má út og vinna með.

[Norræni Gæðavitinn](#) er til á nokkrum tungumálum og meðal annars íslensku.

### Lagastoð og gildi á niðurstöðum

Það er ekki forsenda fyrir framkvæmd raunfærnimats að fyrir því sé lagastoð. Mikið af raunfærnimatsverkefnum voru framkvæmd til styttingar á námi á framhaldsskólastigi á árunum 2004 til 2010 áður en lög um framhaldsfræðslu urðu til. Þó er hægt að segja að með útgáfu reglugerðar 1163 árið 2011 og skráningu eininga í INNU hafi grundvöllur fyrir raunfærnimati styrkst verulega. Jafnframt eru til staðar miðlægar gæðakröfur sem ábyrgðaraðili verður að fylgja ef raunfærnimat er kostað af Fræðslusjóði. Þeim gæðakröfum er fylgt eftir með reglulegri óháðri úttekt.

Út frá sjónarhóli einstaklingsins er samræmd aðferðafræði mikilvæg til að tryggja gildi milli skóla það er okkar mat að háskólasamfélagið þurfi að ræða eftirfarandi:

- Á að sækjast eftir lagastoð fyrir raunfærnimat á háskólastigi?
- Ef það er niðurstaða, kallar hún á að háskólar komi sér saman um hvað raunfærnimat er og hvernig það skuli framkvæmt?

### Fjármögnun

Í framhaldsfræðslunni dreifist fjármögnun verkefna í grófum dráttum á um 25% í öflun þátttakenda, 25% í framkvæmd og 25% í stýringu og skráningu á niðurstöðum. Þau 25% sem eftir eru finna sér farveg þar sem þörfin er mest.

Án fjármögnunar er ólíklegt að raunfærnimat festist í sessi. Ef það á eingöngu að byggja á óreglulegri fjármögnum (styrkjum) næst ekki upp festa í framkvæmd sem er ein af forsendum fyrir gæðum í framkvæmd. Þó er eðlilegt að fyrst séu framkvæmd tilraunaverkefni með óreglulegri fjármögnun sem síðan leiðir til reglubundinnar fjármögnunar og sjálfbærni kerfisins.

### Réttur einstaklings til að gera athugasemdir

Mikilvægt er að tryggja að einstaklingur hafi rétt til að gera athugasemdir við framkvæmd, að athugasemdir fari í ákveðin farveg og fái afgreiðslu.

### Raunfærnimat óháð skráningu í skóla

Forsenda fyrir því að fara í raunfærnimat á ekki að vera sú að hafa skráð sig í nám áður en raunfærnimat fer fram. Í framtíðinni þarf að gera ráð fyrir að bjóða einstaklingum á vinnumarkaði þátttöku í raunfærnimati ef þau uppfylla starfsreynslu en hafa ekki hafið nám. Að loknu raunfærnimati metur síðan þátttakandi (oft með aðstoð ráðgjafa), hvaða möguleikar eru í boði og tekur ákvörðun hvernig eigi að nýta niðurstöður.



### Í lokin

Við viljum þakka fyrir gefandi þróunarvinnu, árangursrík samtöl og gefandi samstarf. Að koma á raunfærnimati í nýju fagi er ekki einfalt og mikilvægt að þau sem koma að þeirri vinnu komi að henni með opnum huga. Það var sannarlega þannig í þessu verkefni.

## Fylgiskjal 1: Rýni matsaðila - spurningar

### Leikskólakennarafræði – raunfærnimat

Mat á ferli með matsaðilum, 14. mars 2022.

Markmið rýnnar er að draga fram lærdóm af ferlinu til áfram haldandi þróunar.

#### Spurningarnar sem nýttar verða sem grunnur í samtalinu:

1. Hvernig voruð þið í stakk búin til að vera matsaðilar eftir þjálfun og undirbúning sem fór fram áður en verkefnið hófst?
2. Voru matslistar skýrir og auðskiljanlegir og skýrt hvaða þekkingu og færni átti að meta?
3. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að meta raunfærni þátttakenda?
4. Hvernig var skipulag í sambandi við samtöl og aðbúnað?
5. Telur þú að raunfærímatið sé traust aðferð til að meta þekkingu til styttingar á námi?

## Fylgiskjal 2: Rýni verkefnastjóra - spurningar

### Leikskólakennarafræði – raunfærnimat

Mat á ferli með verkefnastjórum, 23. mars 2022.

Markmið rýninnar er að draga fram lærdóm af ferlinu til áfram haldandi þróunar.

#### Spurningarnar sem nýttar verða sem grunnur í samtalinu:

1. Hvernig gekk að skipuleggja framkvæmd út frá þjálfun og undirbúningi áður en verkefnið hófst?
2. Voru upplýsingar til þátttakenda um framkvæmd, aðferðafræði og hugsanlegan ávinning skýrar?
3. Hvernig gekk að fá þátttakendur í raunfærnimatsferlið?
4. Leggðu mat á skipulag og framkvæmd í heild sinni:
  - a) Ekki vel – hægt að bæta mikið
  - b) Sæmilega – lærum af reynslunni
  - c) Vel – nokkrir hnökrar sem við þurfum að laga
  - d) Mjög vel – varla hægt að gera betur, miðað við fyrsta verkefni